



Leikskólinn Tjarnarskógur

Starfsáætlun 2024-2025





Formáli

Á Íslandi er leikskólinn fyrsta skólastigið og því upphaf formlegrar skólagöngu barna. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími í þroska barns og undirbýr það undir áframhaldandi menntun. Leikskólastarf er viðbót við uppeldi foreldra og því er mikilvægt að traust og samvinna ríki á milli þessara aðila. Allt starf leikskólans skal miða að þroska og aldri barnanna og ber okkur að skapa uppeldisvænar aðstæður þar sem reynir á hug, hjarta og hönd.

Leikskólastarfið í Tjarnarskógi tekur mið af þessu en ár hvert setur leikskólinn sér ákveðna áherslupætti eða markmið, eitt eða fleiri, sem unnið er sérstaklega með í lengri eða skemmri tíma. Í starfsáætlun þessari eru áherslur leikskólans fyrir skólaárið 2024-2025 kynntar sem og markmið. Mikilvægt er fyrir leikskólann að hafa starfsáætlun til að fylgja eftir því sem við ætlum að gera.

Greinargerð leikskólastjóra

Tjarnarskógur samanstendur af sterkum starfsmannahóp og er faglegt starf til fyrirmyndar að mati leikskólastjóra. **Virðing, gleði, samvinna** og **fagmennska** eru þau gildi sem starfsfólk leikskólans kaus að hafa að leiðarljósi í öllum samskiptum og eru það einkunnarorð skólans.

Starfið hjá okkur er hefðbundið leikskólastarf með öllum þeim áherslum sem fylgja því starfi. Unnið er út frá því að leikurinn sé helsta námsleið barnanna. Hann er sjálfsprottinn og er börnum eðlislægur. Í gegnum leikinn fá börnin útrás fyrir sköpunarþörf sína, æfa samskipti og tungumálið, tjá hugmyndir sínar og prófa þær. Í Tjarnarskógi er lögð áhersla á leikinn í gegnum allt starf. Hvort sem það er í starfi inni eða úti, frjáls leikur og sjálfsprottinn sem og stýrður leikur.

Innleiðing á Uppbyggingastefnunni (Uppeldi til ábyrgðar, UTÁ) hófst í Tjarnarskógi



haustið 2021. Myndaður var innleiðingarhópur sem hefur leitt starfið áfram en reiknað er með fimm árum í innleiðingarferli. Stór hópur starfsmanna fór á námskeið haustið 2022 og annar haustið 2023. Í vor voru fengnir kennarar frá Uppbyggingarstefnunni austur til okkar á starfsdegi og vera með námskeið sem var sérstaklega miðað að leikskóla.

Uppbyggingarkennararnir voru mjög ánægð með þá vinnu sem unnin er í Tjarnarskógi og tóku það sérstaklega fram í tölvupósti eftir námskeiðið. Starfsdagar og starfsmannafundir eru til dæmis nýttir til að halda vinnunni við Uppbyggingastefnuna gangandi. Haustið 2024 verður framhaldsnámskeið haldið í Fjarðarbyggð og það stendur til að senda hóp kennara í Tjarnarskógi þangað. Hægt er að lesa um stefnuna á www.uppbygging.is

Markmið næsta skólaárs er að gera UTÁ stefnuna sýnilegri í starfi skólans. Til dæmis með því að breyta sniði á fagnaðarfundum í Tjarnarskógi og tengja þá meira við Uppbyggingarstefnuna. Í nóvember 2024 er til að mynda rauður fagnaðarfundur og tengist litaval og þema tímabilsins einni af þörfunum í UTÁ, þörfinni að tilheyra sem táknuð er með rauður hjarta. Undanfarin ár höfum við unnið með fjölgreindarkenningu Howards Gardner og höldum því áfram. Uppbyggingarstefnan og fjölgreindarkenningin passa vel saman og hægt er að flétta þær saman í vinnu með börnum.

Skólaárið 2023-2024 prófuðum við að bjóða öllum elstu nemendum skólans upp á ART kennslu. ART er uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja óæskilega hegðun og kenna leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Farið er yfir félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferði á tveimur 30 mín tímum á viku í 12 vikur. Allir höfðu gagn og gaman af og almenn ánægja var hjá foreldrum og forráðamönnum með þessa vinnu. Því var ákveðið að halda þessari kennslu áfram komandi vetur. Að lágmarki eru einn til tveir starfsmenn með ART réttindi á elstu deildunum og hefur það skilað sér vel inn í deildarstarfið. Hægt er að lesa meira um ART inn á www.isart.is.

Síðasta skólaár var gerð tilraun með Betri vinnutíma í Tjarnarskógi og starfsfólk leikskólans gaf frá sér forræði yfir kaffitímum sínum og fékk svokallaða fulla styttingu, sem eru fjórar klukkustundir á viku fyrir 100% starf. Ánægja er með hvernig Múlaþing hefur unnið



að vinnustyttingu í leikskólanum og teljum við að það muni gera starfsumhverfið eftirsóknarverðara. Stefnt er að því að komandi vetur verði með svipuðu sniði.

Framfaraskref var tekið fyrir tveimur árum þegar foreldrum var boðið uppá gjaldfrjálst leyfi milli jóla og nýárs. Einnig að leikskólanum sé lokað í fimm vikur að sumri, með möguleika á opnun í fimmtu viku ef næg þátttaka fæst. Næsta skref hefur nú verið tekið þegar boðið er upp á að taka gjaldfrjálsa daga í leikskólanum þegar grunnskólinn er ekki starfandi, t.d. í vetrarfríum og dymbilvikum. Foreldrar sem eiga leik- og grunnskólabörn fá þá örlitla hvatningu til að hafa leikskólabörnin einnig í fríi þá daga sem grunnskólinn er lokaður. Það mun vonandi skapa rými fyrir starfsmenn í leikskólum að nýta sér vinnustyttingu til að vera með sínum grunnskólabörnum á þessum dögum.

Það var til mikilla bóta að bætt var við 50% stöðu aðstoðarleikskólastjóra í Tjarnarskógi. Stjórnendateymið telur því 100% stöðu skólastjóra og 100% stöðu sérkennslustjóra, en þeir sinna báðum húsum. 100% staða aðstoðarskólastjóra með starfsstöð á Skógarlandi og 50% staða aðstoðarskólastjóra með starfsstöð á Tjarnarlandi.

Það sem stendur upp úr eftir skólaárið er góð samvinna alls starfsfólks og foreldra. Án þessarar samvinnu gengi skólastarfið ekki upp. Ég tel að við séum að vinna vel að markmiðum skólastarfs um að búa börnum góð menntunarskilyrði. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun þar sem börnum er mætt á þeirra forsendum og skólinn fær góða þjónustu frá Farsældarþjónustu Múlaþings. Í Tjarnarskógi starfa margir kennarar og annað fagmenntað starfsfólk. Við horfum bjartsýn á skólaárið sem nú fer í hönd.

Sigríður Herdís Pálsdóttir skólastjóri Tjarnarskógi



Hagnýtar upplýsingar

Tjarnarskógur er níu deilda leikskóli á tveimur starfsstöðvum á Egilsstöðum. Leikskólinn er opinn frá 7:45 til 16:15. Í vetur munu 153 nemendur á aldrinum eins til fimm ára stunda nám í Tjarnarskógi. Það byrja í heildina 32 börn í Tjarnarskógi í ágúst og september 2024. Mögulegt er að bæta fjórum börn í yngri álmu, fjórum í eldri álmu og einu á Tjarnarland, ef það er í réttum árgangi. Ef ekki sækja um börn sem urðu eins árs fyrir 1.september 2024 er möguleiki að bjóða börnum vistun sem urðu eins árs eftir 1.september 2024, í janúar 2025.

Vistunartími barnanna er allt frá fimm klukkutímum á dag og upp í átta og hálfan klukkutíma. Ákveðið hefur verið að börn sem byrja í leikskólum Múlaþings á öðru aldursári fái ekki vistun eftir klukkan 15:00 fyrsta árið sitt í skólanum. Er það gert með velferð og vellíðan þeirra í huga. Við tveggja ára aldur er hægt að sækja um lengri vistun. Margir stytta við það einnig vistunartíma hjá eldri systkinum.

Heildarfjöldi barna eftir fæðingarári og kyni

Fæðingarár	Heildarfjöldi	Stúlkur	Drengir
2019	39	22	17
2020	24	13	11
2021	30	14	16
2022	36	24	12
2023	24	9	15
Samtals	153	82	71

Vistunartími barna

Klst	Fjöldi barn 2024	Fjöldi barna 2023
4-4:45	1	1
5-5:45	4	8
6-6:45	37	33
7-7:45	65	61
8-8:30	46	55



Móðurmál barna í Tjarnarskógi

Tungumál töluð	2024
Íslenska	141
Rúmenska	1
Serbneska	1
Pólska	2
Króatíska	2
Enska	1
Filippínska	1
Slóvenska	2
Úkraníska	1
Malayalam	1

Fjöldi og aldursdreifing barna eftir deildum.

Skógarland Yngri álma	Lyng	16 börn fædd 2022-2023
	Lauf	12 börn fædd 2023
	Barr	16 börn fædd 2022-2023
Skógarland Eldri álma	Kjarr	16 börn fædd 2020-2021
	Rjóður	19 börn fædd 2021-2022
	Lundur	18 barn fædd 2021-2022
Tjarnarland	Hamrabær	23 börn fædd 2019-2020
	Tjarnarbær	15 börn fædd 2019-2020
	Skógarbær	18 börn fædd 2019

Skólaþróun

Innra mat

Til að auka gæði skólstarfsins, tryggja þróun þess og gæta að nemendur fái þá menntun sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla, metum við starfið markvisst á hverju ári. Margar leiðir eru nýttar til að meta starf leikskólans. Til að fá sem heildstæðustu sýnina á skólstarfið er leitað eftir þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Sem hluti af lýðræðislegum vinnubrögðum við innra mat skólans er bæði notað formlegt og óformlegt



mat. Óformlegt mat er m.a. reglulegir fundir, foreldraviðtöl og starfsmannasamtöl.

Formlegt mat er t.d. Skólapúlsinn og starfsmannaviðtöl.

Á starfsmannafundi í júní sl. voru nokkrir þættir skólstarfsins metnir sérstaklega af starfsfólki og til þess er horft þegar starf skólaársins 2024 – 2025 er skipulagt. Vinnustytting og frítaka starfsfólks var metin. Hópurinn var almennt sammála um að einhver takmörk þyrfti á því hversu mörgum starfsmönnum er gefið frí hverju sinni en jafnframt er almenn ánægja með að geta tekið frí þegar starfsmaður þarf á því að halda. Vinnustyttingin gengur almennt vel en hana þarf að slípa aðeins til og taka hana jafnar út yfir árið. Fjöldi uppákomudaga þar sem foreldrum er boðin þátttaka var metinn og þykir hæfilegur. Farið var yfir markmið og tilgang samverustunda. Fræðsla vetrarins var metin og farið var yfir skipulag útivistar barnanna.

Ytra mat

Ytra mat var unnið á Tjarnarskógi vorið 2023 og eftir það var myndað teymi sem heldur utan um það mat - Gæðateymi. Gæðateymið fundar reglulega yfir veturinn og skipuleggur úrbætur. Unnin var umbótaráætlun úr ytra matinu þar sem úrbætur voru kortlagðar og tímasettar. Vel hefur gengið að halda áætluninni en sú vinna heldur áfram skólaárið 2024-2025. Dæmi um umbætur sem hafa verið unnar eru að undirbúnings- og fundaraðstaða í báðum húsum hefur verið bætt og nýr kastali er að rísa á útisvæði Skógarlands. Farið var yfir verklagsáætlanir sveitarfélagsins um einelti á vinnustað á starfsdegi haustið 2023, búið er að bæta við stöðu aðstoðarleikskólastjóra, áætlun um fundarhald hefur gengið vel og komin er áætlun um það ferli sem fer fram þegar grunur vaknar um frávik hjá börnum.

Í vetur er stefnt að því að útbúa matsáætlun fyrir skólann til nokkurra ára svo allt starfið sé metið reglulega. Einnig á að finna leiðir til að börnin komi meira að mati á skólastarfinu. Stefnt er að því að móta leikefnisstefnu fyrir leikskólann þar sem farið verður yfir efnivið skólans, meðal annars með nýjar áherslur aðalnámsskrár um eiturefnalaust umhverfi að leiðarljósi.

Skólapúlsinn var lagður fyrir foreldra í vor og kom hann einstaklega vel út hjá



Tjarnarskógi. Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með það starf sem er unnið í skólanum þó að alltaf séu einhver atriði sem hægt er að laga eða gera betur.

Mannauður

Í Tjarnarskógi er góður kjarni starfsmanna sem hafa starfað lengi við skólann, bæði kennarar og leiðbeinendur. Alltaf er þó einhver endurnýjun í starfsmannahópnum, fólk hverfur til annara starfa, fer í veikindaleyfi, barnsburðarleyfi og fleira.

Stöðugildi við leikskólann eru áætluð um 52 og eru það 57 starfsmenn sem fylla þær stöður með mismunandi vinnutíma. Starfsmenn með háskólamenntun eru 29 og af þeim eru 19 með kennaramenntun. Í skólanum starfar einnig fólk sem hefur menntað sig sem félagsliða og leikskólaliða, ásamt reynslumiklum starfsmönnum sem starfað hafa í leikskóla til fjölda ára.

Fimm starfsmenn stunda fagháskólanám í leikskólafræðum í vetur. Var það nám sett á laggirnar síðastliðið haust til að efla fagmenntun í leikskólum og fjölga kennaramenntuðu starfsfólki. Þrír starfsmenn eru að bæta við sig kennaramenntun.

Handleiðsla, viðtöl og móttaka nýrra starfsmanna

Lögð er áhersla á að þeir starfsmenn sem vinna saman á deild styðji hvern annan í starfi. Einnig er alltaf hægt að ræða við leikskólastjóra. Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd sem starfsmenn geta leitað til. Ef ekki hentar að leita til nefndar eða stjórnenda skólans er bent á mannauðsstjóra og leikskólafulltrúa.

Skipulögð starfsmannaviðtöl milli leikskólastjóra og starfsmanns byrja í febrúar. Í viðtölunum eru ræddar væntingar og markmið starfsmanna ásamt því hvernig fólk líður í starfi og hvort það séu einhver tækifæri til breytinga. Einnig er markmið að koma á stuttum samtölum í nóvember. Starfsmenn hafa alltaf aðgang að stjórnendum ef þörf er á og geta beðið um viðtal eftir þörfum. Starfsmenn eru almennt duglegir að koma og ræða við stjórnendur um ýmis mál.



Þegar nýr starfsmaður hefur störf kemur hann í viðtal til stjórnenda sem útskýra hlutverk starfsmanns, stefnu skólans og áherslur í starfi. Deildarstjórum er svo falið að koma þeim inn í sjálft starfið, mest með munnlegri fræðslu og útskýringum. Nýju starfsfólki er bent á að lesa starfsmannahandbók þar sem helstu upplýsingar koma fram. Þegar nýjir starfsmenn byrja að vinna í Tjarnarskógi er ákveðið ferli sem á sér stað. Seinasta vetur undirbjuggu stjórnendur leiðarvísi um hvernig ferlinu er háttað þegar fólk tekur til starfa í Tjarnarskógi.

Fundir

Í stórum skóla er samstarf, samráð og miðlun upplýsinga mikilvægur þáttur. Er það gert á hinum ýmsu fundum. Deildarstjórafundir eru á tveggja vikna fresti. Til þess að deildarstjórafundirnir séu markvissir er þeim skipti niður eftir álmum og /eða húsum. Deildarfundir eru aðra hverja viku. Sérkennslufundir eru einu sinni í mánuði í hvoru húsi. Stjórnendateymið fundar einu sinni til tvisvar í mánuði. Allir sérkennslustjórar í Múlapingi ásamt Vopnafjarðarhreppi funda einu sinni í mánuði. Leikskólastjórar í Múlapingi funda tvisvar í mánuði. Innleiðingarteymi UTÁ fundar einu sinni í mánuði. Öryggisnefnd, gæðateymi, skemmtinefnd og aðrar nefndir funda eftir þörfum.

Starfs- og námskeiðsdagar

Á skólaárinu 2024 – 2025 eru sex skipulagsdagar. Leikskólinn er þá lokaður allan daginn. Þeir eru

- 20. september
- 4. nóvember
- 22. nóvember
- 17. febrúar
- 25. apríl



- 30. maí - matsdagur

Starfsmannafundir í vetur verða 29. júlí, 28. ágúst, 3. október, 10. desember, 23. desember, 9. janúar, 11. mars, 2. apríl, 12. júní og 27. Júní.

Í Skólapúlsinum sem gerður var á síðasta skólaári kom í ljós óánægja foreldra með fjölda starfsmannafunda, en á þeim dögum lokar skólinn klukkan 14:00. Til að reyna að koma til móts við þá óánægju voru tveir fundir settir í byrjun og lok skólaárs og er fundurinn í byrjun árs sá eini sem er tímasettur frá 8:00 til 10:00. Einnig var einn fundur settur á þorláksmessu þar sem reynslan sýnir að oft sé svigrúm hjá foreldrum á þeim degi.

Endurmenntun

Endurmenntun fer m.a. fram á starfsdögum skólans. Aðra endurmenntun getur starfsfólk valið að sækja sér út frá áhugasviði. Einnig eru námskeið skipulögð af skóla og farsældarþjónustu. Oft fara nokkrir starfsmenn saman á námskeið sem eru í boði, hvort sem þau eru kennd á staðnum, annarstaðar á landinu eða í fjarkennslu. Kennarar hafa einnig verið duglegir við að sækja ýmsar ráðstefnur um málefni tengd starfinu.

Dæmi um námskeið sem kennarar skólans sækja í vetur. Eru Uppeldi til ábyrgðar námskeið, Skyndihjálp, AEPS, ASEBA, ART, Hljóm 2, TRAS, Íslenski þroskalistinn og ýmislegt sem Endurmenntun Háskóla Íslands og Greiningarstöð ríkisins bjóða uppá. Námskeið á vegum Íslensku menntafléttunnar s.s. deildarstjóranámskeið og íslenskuþorpið.

Aðlögun og flutningur á milli deilda

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi þess og foreldranna. Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga á högum sem getur valdið streitu. Til að auðvelda börnum og foreldrum þessi umskipti hefur verið ákveðið að fara þá leið að hafa svokallaða þátttökuaðlögun. Er þetta aðferð að samskiptum og byggir á þeirri



hugmynd að börn og foreldrar séu að læra að vera í leikskólanum og náí að kynnast honum saman en ekki að börnin séu að venjast því að vera aðskilin frá foreldrum sínum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað.

Í Tjarnarskógi hófu 32 nýir nemendur nám sitt á tímabilinu ágúst-september 2024. Flestir nemendur byrjuðu á yngstu deildum eða 26 talsins og sex á eldri deildum. Í maí og júní eru skipulagðar heimsóknir milli deilda til að aðlaga börn að nýjum rýmum og að einhverju leiti að nýju starfsfólki. Þegar börnin mæta eftir sumarfrí mæta þau á þær deildir sem þau eiga að vera á næsta skólaár. Reynt er að koma því við að fyrstu dagana eftir sumarfrí mæti starfmaður af deildinni sem þau voru á til að auðvelda þeim umskiptin.

Viðbótarkennsla

Í Tjarnarskógi er lögð áhersla á fjölbreyttar leiðir til náms og þroska því barnahópurinn hefur ólíka getu og þarfir. Starfað er samkvæmt hugmyndum um snemmtæka íhlutun sem felur í sér að börn fái þá aðstoð sem þau þurfa sem fyrst á lífsleiðinni. Leitast er við að vinna með öll börn í barnahópnum og að hvert barn sé virkur þátttakandi í daglegu leikskólastarfi. Lögð er áhersla á að hvert barn fái tækifæri til að þroskast og læra miðað við getu. Þau börn sem þurfa aukna aðstoð og/eða stuðning fá hann hvort sem er inni á deild eða í vinnustundum utan deilda, ein eða í hóp með öðrum börnum. Sérkennslustjóri heldur utan um skipulag, framkvæmd og endurmat á þessum þáttum og er tengiliður skólans við þá sérfræðinga sem koma að greiningu og ráðgjöf s.s. Farsældarþjónustu Múlapings og Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

Húsnæði, lóð og öryggismál

Leikskólinn Tjarnarskógur varð til við sameiningu leikskólanna Skógarlands og Tjarnarlands í ágúst 2012 og er starfræktur á tveimur starfsstöðvum, Skógarlandi og Tjarnarlandi. Á Tjarnarlandi eru þrjár deildir; Hamrabær, Tjarnarbær og Skógarbær. Í vetur er elsti árgangur skólans í því húsi ásamt meirihluta næst elsta árgangsins. Á Skógarlandi er húsinu skipt í



yngrri álmu og eldri álmu. Í yngri álmu eru eins til tveggja ára nemendur á þremur deildum; Lyngi, Laufi og Barri. Í eldri álmu eru tveggja til fjögurra ára nemendur á þremur deildum; Lundi, Rjóðri og Kjarri.

Almennt viðhald hefur verið í umsjón verkefnastjóra framkvæmdamála og sinnt af áhaldahúsi. Húsvörður er í 50% starfi hjá Tjarnarskógi og fer hann yfir öryggi á lóðum og lagfærir jafnóðum það sem þarf að laga.

Vinnueftirlitið, heilbrigðisfulltrúi og brunaeftirlit fer reglulega yfir húsnæði leikskólans og kemur með hugmyndir að úrbótum. Við leikskólann er starfandi öryggisnefnd sem fundar um þau atriði sem koma frá þessu eftirliti. Húsvörður fer yfir þessar skýrslur og lagar það sem er ábótavant. Ásamt því að kalla til verktaka í samráði við stjórnendur og framkvæmdarsvið Múlapings.

Foreldrasamstarf

Líðan og velferð nemenda byggir meðal annars á góðu sambandi heimilis og skóla. Sambandið þarf að einkennast af gagnkvæmu trausti og virðingu. Í Tjarnarskógi viljum við halda áfram að byggja upp skólasamfélag sem einkennist af þessum þáttum því við vitum að foreldrar þekkja börnin sín best og að mestur árangur næst þegar skóli og heimili vinna saman.

Í júní var haldinn kynningarfundur fyrir foreldra þeirra barna sem voru að hefja nám við leikskólann. Nýir foreldrar fá einnig viðtal við deildarstjóra áður en barnið byrjar í leikskólanum þar sem starfið er kynnt og foreldrar gefa upplýsingar um barn sitt. Ætlunin er að halda kynningafundi fyrir foreldra þriggja elstu árganga barna í september/október þar sem vetrarstarfið verður kynnt. Foreldrar fá auk þess nánari kynningu á vetrarstarfinu í foreldraviðtölum í nóvember sem og í mars/apríl. Viðburðir þar sem foreldrum er boðið að koma í leikskólann eru dagur myrkurs í nóvember, jólaföndur í desember, dagur leikskólans í febrúar. Útskrift elstu barna í maí og sumarhátíð í júní.

Heimasíða leikskólans verður lögð niður í vetur. Allar nauðsynlegar upplýsingar



verður hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins, www.mulathing.is. Starfsfólk leikskólans mun halda áfram að senda tölvupósta til að auglýsa viðburði og segja frá upptökum. Foreldrar og forráðamenn geta fengið myndir og upplýsingar um t.d. svefn í sérstöku appi (vala.is).

Foreldrafélag er starfandi við Tjarnarskóg. Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna í leikskólanum og veita stuðning við leikskólann og starfsemi hans.

Félagsgjöld eru innheimt með leikskólagjöldum. Þau eru notuð til að styrkja ýmis verkefni sem tengjast leikskólastarfinu s.s. leiksýningar, sveitaferðir, jólaball og annað sem uppá kemur hverju sinni.

Foreldraráð er einnig starfandi við leikskólann samkvæmt lögum. Þrír foreldrar eru kosnir til starfa með leikskólastjóra og er hlutverk þeirra að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur einnig eftirlitshlutverk á framkvæmd og kynningu áætlana um leikskólann gagnvart foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Samstarf

Leikskólar í Múlaþingi heyra undir fjölskyldusvið og sinnir Farsældarþjónusta Múlaþings sérfræðilegum stuðningi við leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu skv. lögum um leik- og grunnskóla og reglugerð um hlutverk og markmið skólalþjónustu. Farsældarþjónustan tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Markmið með Farsældarþjónustu sveitarfélaga er að kennslu-, sál-, þroska- og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Farsældarþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á. Samið hefur verið við Sálstofuna um þjónustu sálfræðinga og koma þeir reglulega í skólana í vetur til að meta nemendur og ráðfæra kennara og foreldra. Farsældarþjónustan og



Austurlandsteymið munu starfa þétt saman í því skyni að leysa farsælega úr málefnum barna og fjölskyldna þeirra. Starfsmenn Farsældarþjónustu Múlapings eru:

- Eyrún Björk Einarsdóttir, talmeinafræðingur.
- Ragnhildur Íris Einarsdóttir, kennsluráðgjafi.
- Marta Wium Hermannsdóttir, leikskólafulltrúi.
- Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri.
- Stefanía Malen Stefánsdóttir, grunnskólafulltrúi

Nemar

Í gildi er samningur við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri um samstarf vegna leikskólakennaranema. Ekki er komin beiðni um samstarf í vetur.

Grunnskóli

Samstarf Egilsstaðaskóla og Tjarnarskógar um farsæla skólabyrjun veturinn 2024-2025. Markmið samstarfsins er að auðvelda nemendum tilfærslu milli skólastiga og stuðla að farsælli skólabyrjun við sex ára aldur.

Aðrir

Skólinn er einnig í samstarfi við nokkra aðila þar sem börnin gegna lykilhlutverki. Tónlistaskólann, Minjasafnið, Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs (Sláturhúsið), Bókasafnið, Slökkvilið, Egilsstaðakirkju, Gistihúsið á Egilsstöðum og fleiri.

Lokaorð

Starfsáætlun sem þessi hefur verið unnin í leikskólanum í allmörg ár en með henni tekst okkur að ramma starfið inni sem gerir starfsfólkinu auðveldara fyrir að stefna í sömu átt. Starfsáætlunin er unnin upp úr mati á starfinu síðastliðinn vetur og byggir á margskonar hugmyndafræði, stefnum og hefðum Tjarnarskógar. Leikskólastarfið í Tjarnarskógi hefur þróast á farsælan hátt undanfarin ár og horfum við bjartsýn fram á næsta skólár.



Leikskólinn Tjarnarskógur
Gleði, virðing, samvinna og fagmennska



Sigríður Herdís Pálsdóttir skólastjóri Tjarnarskógi.